



Áveitan

12. tbl. 13. árgangur. Desember 2019

Skötuveisla Umf. Þjótanda

Á Þorláksmessu mun skötuilminn leggja frá félagsheimilinu Þjósárveri þar sem Ungmennafélagið Þjótandi ætlar að bjóða til sinnar árlegu skötuveislu.

Borðhald hefst kl 12:00 og boðið verður uppá gæða skötu og saltfisk ásamt tilheyrandi meðlæti. Kaffi og konfekt innifalið í miðaverði að venju. Verðskráin er þessi:

Fullorðnir 2.500 kr.

Börn 6-12 ára 500kr.

Yngri börn fá frítt.



Veislan er ein stærsta fjáröflunarsamkoma félagsins svo við hvetjum ykkur til þess að fjölmenna og styðja þannig við starfið. Best er að hafa með sér reiðufé þar sem posinn er oftast hægvirkur þennan dag.

Stjórn Umf. Þjótanda

Þjótandabolir

Ungmennafélagið Þjótandi hefur til sölu stuttermaboli merktá félaginu sem eru tilvaldir í jólapakkann. Þeir kosta 2500 kr og fást í flestum stærðum. Ef áhugi er fyrir bolakaupum er best að hafa samband við Guðmundu lagerstjóra í síma 846-9775 eða gudmunda89@gmail.com

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Það var gaman að heimsækja **Flóaskóla** á árshátíð eldra stigsins í Þjórsárveri, 21. nóvember s.l. Þar var boðið upp á dagskrá sem var í alla staði bæði vönduð og skemmtileg. Leiklist, hljóðfæraleikur, söngur, fjöldasöngur, myndbandsverk, allt heimasmiðað, vel framsett og skilaði sér vel til áhorfenda. Að lokinni skemmtidagskrá buðu nemendur og foreldrar þeirra síðan upp á glæsilegar veitingar. Hátíðin bar starfinu í Flóaskóla gott vitni um mikinn metnað, gott samstarf allra sem að komu, fjölbreytta hæfileika og faglega sýn á alla hluti bæði stóra og smáa. Samfélagið í Flóahreppi getur verið verulega stolt af „sínunum“ og þarf ekki að kvíða framtíðinni ef tekið er mið af framgöngu þessa glæsilega nemendahóps og allra þeirra sem komu að þessari hátíð með nemendum.

Í **Krakkaborg** er líka lögð mikil áhersla á allt faglegt starf, skólinn vinnur áfram að markmiðum Grænfánans og gott samstarf er milli Flóaskóla og Krakkaborgar. Í Krakkaborg er öflugur hópur starfsmanna sem láta allir sem einn leikskólann og samfélagið njóta góðs af fjölbreyttum hæfileikum sínum. Mikil áhersla er lögð á útivist og hreyfingu og skólalóðin og nánasta umhverfi hennar, göngustígur og trjálundir nýttir til þess að auka fjölbreytileikann. Allt þetta góða starf er svo einstaklega mikilvægt því skóli og leikskóli eru jú mikilvægustu grunnstoðir samfélagsins. Í góðri samvinnu við foreldra er lagður grunnur að því að einstaklingarnir sem þaðan útskrifast séu vel í stakk búnir til þess að takast á við framtíð sem er ókomin og við þekkjum ekki.

Umhverfismál eru mikið í brennidepli og brýnt að skoða hvað við getum gert hvert og eitt til þess að auðvelda náttúrunni og jörðinni að endurnýja sig.

Sorpmál og sorphirða hafa verið mál málanna hjá starfsmönnum sveitarfélaga á undanförunum mánuðum. Bæði hvað varðar kostnað við verkefnið og ekki síður það gríðarlega magn af úrgangi/ endurvinnsluefnum sem fellur til og þarf að sækja og koma síðan í réttan farveg. Forsenda fyrir því að hægt sé að koma hráefni sem ekki er verið að nýta lengur í réttan farveg er vönduð flokkun heima hjá hverjum og einum og ekki síður hjá fyrirtækjum. Síðan þarf að semja um nýtingu á hráefninu sem til fellur. Búið er að ákveða að grátunnuefnið verði a.m.k. tímabundið flutt til Evrópu, þar sem það verður nýtt til kyndingar. Þessu fylgir kostnaður en það er ekki lengur ásætlanlegt að grafa þetta hráefni í jörðina þar sem það losar síðan kolefni út í andrúmsloftið í áratugi engum til gagns.

Þá komum við að ykkur kærur íbúar. Eitt er að nýta hlutina betur sem við eigum og jafnvel endurnýta í nýjum hlutverkum og hitt að lágmarkar kostnaðinn við verkefnið allt saman með því að **flokka rétt** það sem hefur ekki hlutverk lengur og búið að ákveða að losa sig við.

Umbúðir og afgangar hverju nafni sem þeir nefnast hverfa ekki þó svo að bíllinn frá Íslenska Gámafélaginu sé farinn af bæjarhlaðinu. Þá fyrst byrjar ferðalagið og við þyrftum helst hvert og eitt að taka ábyrgð á þeim úrgangi sem við sköpum sjálf – alla leið. Kostnaðurinn er greiddur af peningum sem íbúar sjálfir leggja til í gegnum skattgreiðslur sínar og þjónustugjöld. Vildum við ekki öll að þessir peningar væru notaðir í annað en að afsetja umbúðir og dót sem ekki hefur tilgang hjá okkur lengur?

Það væri bara svo gott ef hver og einn gæti sett sér markmið um að minnka „sporið“ sitt. Öðruvísi næst ekki árangur. Við ákveðum sjálf hvað við kaupum og berum með okkur heim. Reynum að takmarka það við nauðsynjar og kennum afkomendum okkar um leið nýtni og vönduð vinnubrögð við frágang á því sem við notum ekki.

Við vitum öll að **hamingja** okkar liggur ekki falin í fjölda innkaupaferða, heldur jafnvel bara í hollri hreyfingu í fallega umhverfinu okkar og samveru við þá sem okkur þykir vænt um. Skoðum gildin okkar hvert og eitt, íhugum og ræðum saman um það hvort við Íslendingar séum t.d nægjusöm þjóð eða hvort við séum hamingjusöm þjóð, endurskoðum mælikvarðana okkar.

Það líður að jólum og þá glymja á okkur áreiti frá morgni til kvölds frá þeim sem ætla að selja okkur eitthvað sem talið er alveg nauðsynlegt. Tökum sjálf

ábyrgð á okkur og velferð okkar, ákveðum sjálf hvað við þurfum. Við sem eigum fallett umhverfi og búum í fallegu landi. Nýtum það til hollrar hreyfingar og útiveru, um leið og við njótum samveru jólanna með þeim sem okkur þykir vænst um.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur unnið að mótun **fjárhagsáætlunar** á síðustu vikum. Framlög eru ákveðin til styrkingar vatnsveitu og til viðhaldsverkefna í öllum húsum sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir myndarlegu framlagi til skólalóðar Flóaskóla þannig að áfram verður unnið að uppbyggingu hennar. Tekin hefur verið ákvörðun um að rífa elsta hluta Flóaskóla næsta sumar og undirbúa í samráði við starfsmenn skólans og íbúa frekari uppbyggingu í tengslum við skólastarfið. Ákveðið var að setja framlag í endurskoðun á skólafestnu Flóahrepps á árinu 2020. Einnig er framundan vinna við endurskoðun deiliskipulags fyrir Þingborgarsvæðið. Vinna við jafnlaunavottun sveitarfélagsins er þegar hafin og búið að mynda vinnuhóp í samstarfi við nágrannasveitarfélög og stefnt að því að úttekt/jafnlaunavottun verði lokið í mars 2020. Þá er í undirbúningi vinna með sveitarstjórn, nefndum, starfsmönnum og íbúum sveitarfélagsins við markmiðasetningu og árangursmælingar á grundvelli Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna.

Að lokum við ég nota tækifærið og þakka stjórnendum stofnana, starfsmönnum og nefndarmönnum Flóahrepps öllum fyrir **gott samstarf** á liðnu ári. Það er gaman að vinna með hópi sem horfir til framtíðar og hefur mikinn metnað fyrir samfélagið sitt.

Sveitarstjórn Flóahrepps og starfsmenn á skrifstofu Flóahrepps óska ykkur öllum gleðilegra jóla og góðs nýs árs, með þökk fyrir góð samskipti á liðnu ári.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Áveitan óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, með þökk fyrir góð samskipti á árinu sem er að líða.



Heyrst hefur....

Að nokkrir rauðklæddir og skeggprúðir menn muni vera á ferðinni um Flóahrepp á Þorláksmessu og aðfangadag.

Samkvæmt heimildarmanni munu þeir leggja af stað kl 10:00 báða daga. Á Þorláksmessu munu þeir fara um Hraungerðishreppinn, byrja austast og vinna sig í átt að Selfossi en enda á Langholts- og Reykjahringnum.

Á aðfangadag skipta þeir liði og fara bæði í Villingaholts- og Gaulverjabæjarhrepp. Leiðarlýsing sveinanna þann dag mun verða birt á facebook síðu félagsins að morgni.

Mikilvægt er að allir þeir sem vilja fá heimsókn panti hana hjá umboðsmanni þeirra, Stefán Narfa í Túni með símhringingu eða sms í síma 894-7911 fyrir 20. desember.

Skrifstofa Flóahrepps ætlar að taka við sendingum í vikunni fyrir jól. Einnig verður hægt að koma með sendingar fyrir aðfangadag í Skötuveisluna í Þjórsárverri. Hafa skal pokann merktan bæjarnafni. Það er mjög mikilvægt að allar sendingar hafi borist á réttum tíma svo sveinarnir lendi ekki í vandræðum á heimsóknardaginn. Verðið er 1000 kr á hverja heimsókn og skal greiðslan fylgja sendingunni.

Vonandi munu sem flestir nýta sér þjónustu þessara hressu og kátu karla. Ef áhugi er fyrir því að fá nokkra hressa karla á jólaböll eða aðrar skemmtanir á aðventunni er um að gera að hafa samband við Stefán Narfa í Túni í síma 894-7911 og kanna hvort hann geti ekki útvegað nokkra gegn gjaldi

Umf. Þjótandi



Jólatónleikar í Hótel Selfoss fimmtudaginn 5. desember næstkomandi.

Fram koma Hera Björk, Unnur Birna ásamt hljómsveit Bjössa Thor en auk Bjössa þá eru liðsmenn hennar Skúli Gíslason og Sigurgeir Skafti Flosason. Tónleikar hefjast 20:30 og er miðasala á tix.is og við hurð.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Jólatónleikar Kolbrúnar Kötlu og Ljósbrár

Senn líður að jólum og tími jólatónleika fer í hönd. Þar á meðal verða jólatónleikar Kolbrúnar Kötlu og Ljósbrár. Um er að ræða tvö tónleika, í Villingaholtskirkju 18. desember og í Stóra-Núpskirkju 19. desember. Hefjast báðir tónleikarnir kl 20:00.

Kolbrún Katla og Ljósbrá stunda báðar söngnám við Tónsmiðju Suðurlands. Í janúar leggja þær land undir fót og hefja frekara söng- og tónlistarnám við Odder Højskole í Danmörku. Nám sem þetta er kostnaðarsamt og því vaknaði sú hugmynd að halda jólatónleika til að fjármagna ferðina og námið að einhverju leyti, en um leið öðlast dýrmæta reynslu fyrir framtíðina.

Á tónleikunum verður boðið upp á fjölbreytt úrval jólalaga, bæði gömul og góð en einnig nokkur í nýrri kantinum. Stefán Þorleifsson mun leika undir á píanó.

Aðgangseyrir er 2500 kr en ókeypis er á tónleikana fyrir 12 ára og yngri. Athugið að enginn posi verður á svæðinu.

Allir eru hjartanlega velkomnir að koma og eiga með okkur huggulega og notalega jólastund rétt áður en jólahátíðin sjálf gengur í garð.



Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Opið hús 6. desember

Í ár verður jólasamvera okkar haldin hjá Lilju (Urriðafossi) í nýja húsinu á Selfossi, Lyngmóa 9 kl. 20:00. Að venju er pakkaleikur, allar að koma með pakka (hámark 2000 kr.). Þetta er Pálínuboð svo við mætum allar með framlag á kaffiborðið. Sjáumst hressar og kátar hjá Lilju í jólasamveru.

Kveðja, Ósk formaður.

Kæru kvenfélagskonur og sveitungar,

Guð gefi ykkur gleðileg jól og farsæld á nýju ári. Þökkum góða samveru og stuðning við starfið á árinu sem er að líða.

Jólakveðja,
stjórn Kvenfélags Villingaholtshrepps.

Þorablót í Þjórsárveri 2020

Þorablót í Þjórsárveri verður haldið laugardaginn 8. febrúar 2020. Við hvetjum alla til að taka daginn frá. Nánari upplýsingar um hljómsveit og annað verða í janúarblaði Áveitunnar.

Hægt er að panta miða á netfanginu heimir.bjarkason@icloud.com og í síma 860-1744 (Heimir) eða 659-8942 (Sigrún).

Fyrir hönd nefndar
Heimir Rafn Bjarkason, formaður.

Tamningar

Verð með nokkur hross í þjálfun í jólafríinu. Get bætt við mig örfáum hrossum en tek helst hross sem eru svolítið tamin fyrir.

Um er að ræða dagana 6. desember –6. janúar.

Upplýsingar í síma 787-3391.

Unnsteinn Reynisson
Hurðarbaki

Pistillinn

Ég vil byrja þennan pistil á að þakka tengdaföður mínum, Bjarka Reynissyni, fyrir áskorunina. Þá vil ég jafnframt þakka honum fyrir hans skrif, sér í lagi um hugleiðingar á breytingum hjá æskunni. Þær hugleiðingar ríma vel við niðurstöður á meistaraaritgerð minni í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf er ég lauk í október mánuði síðastliðnum. Niðurstöður rannsóknar minnar voru meðal annars á þá leið að í nútíma samfélagi okkar sé mikill krafa gerð til barna og foreldra þeirra. Kröfurnar eru til að mynda þær að allir verða að “eiga allt” og “gera allt” sem leiðir oft því miður til þess að fjölskyldan fær lítinn tíma saman. Sem er leitt því samvera með foreldrum er afar mikilvæg fyrir þroska barna og velferð þeirra. Í þessu samhengi er einnig áhugavert að líta til rannsókna sem gerðar hafa verið á uppeldisháttum foreldra. Þeir uppeldishættir sem virðast vera hvað heillavænlegastir eru svo kallaðir leiðandi uppeldishættir. Leiðandi uppeldishættir einkennast að því að foreldrar gefa börnum sínum tíma, ræða við þau og hlusta eftir hugmyndum þeirra. Þá sýna þeir börnum sínum einnig ást og hlýju, eru hvetjandi en setja þeim samt sem áður skýr mörk um hvað er tilhlýðilegt og hvað ekki. Rannsóknir hafa leitt í ljós að leiðandi uppeldi foreldra virðist hafa jákvæð áhrif á ýmsa þætti í lífi barna. Til að mynda þætti er varða samskiptafærni, sjálfstraust, námsárangur, andlega líðan og notkun vímuefna. Með alla þessa þætti í huga vona ég að samfélag okkar setji tíma foreldra og barna í forgang því með því tel ég að líðan og velferð bæði barna og foreldra verði best sett. Kannski getum við foreldrar einnig ákveðið sjálf að setja samveru við börn okkar ofar á “to do” listann.

Að lokum langar mig að skora á vinkonu mína Mareike stórbónða á Fljótshólum að skrifa næsta pistil.

Góðar stundir

Sigrún Helgadóttir

Frá Villingaholtskirkjugarði, greiðsla fyrir ljós á leiði

Kæru sveitungar og aðrir aðstandendur leiða.

Kveikt verður á leiðislýsingu í kirkjugarðinum 30. nóvember eins og venjan er í byrjun aðventu. Við höfum nú þegar tengt þá krossa sem voru komnir í garðinn.

Undanfarin ár höfum við óskað eftir framlögum frá ykkur, umsjónarmenn leiða, til að geta borgað rafmagn og séð um viðhald vegna leiðislýsingar í kirkjugarðinum. En eins og allir vita, þá er rafmagnið og allt viðhald dýrt og er hér með óskað eftir að fólk greiði kr: 2.500,- fyrir hvern kross sem settur er í garðinn, til að veða upp á móti kostnaði.

Við höfum ekki enn farið í að senda rúkkun fyrir hvern kross, og vonum að við þurfum ekki að gera það, aðeins er þetta vinsamleg beiðni til ykkar. Flestum þykir okkur vænt um að sjá fallega upplýstan kirkjugarð á aðventu, það ber með sér umhyggju okkar fyrir þeim sem eru farnir.

Leggja má inn á reikning 0152-15-381326, Kt: 510489-1799, eigandi Villingaholtskirkjugarður.

Með fyrirfram þökk, Sóknarnefndin

Frá sóknarnefnd Hraungerðiskirkju

Ágæta safnaðarfólk eða aðrir áhugasamir.

Laust er starf hringjara við Hraungerðiskirkju. Reikna má með að messað sé að meðaltali einu sinni í mánuði.

Ef einhver er áhugasamur um að taka að sér gefandi verkefni, má sá hinn sami vinsamlega hafa samband við Svanhvíti Hermannsdóttur, formann sóknarnefndar í síma 8657031.

UPPSKRIFTARHORNID

Frá því að ég var krakki hef ég eldað af nauðsyn en bakað mér til ánægju. Því fylgi ég fordæmi Axels frænda og kíki í bökunaruppskriftirnar.

Þótt fátt mæli móti því að menn vökvi lífsblómið af og til, þá getur komið upp sú staða (einkum eftir afmæli) að mönnum fallist hendur er þeir horfa yfir flöskuskóginn sem þeim var gefinn af góðum hug. Þessi jólakaka hefur hjálpað okkur Palla með umframbirgðir gegnum árin:

125gr saxaðir þurrkaðir ávextir

(apríkósur, sveskjur, rúsínur og þess háttar)

75ml viský (eða annað sterkt vín)

Sett saman í lítinn pott og suðan látin kona upp, þá slökkt undir og látið standa smá stund.

200gr smjör, hrært létt

150gr sykur

3 egg

1 msk sólblómaolía (til að kakan verði mjúk)

250gr hveiti

1 tsk lyftiduft

Allt hrært saman, ávextirnir líka og sett í 20 cm hringform. Bakast við 180°C í um það bil 55 mínútur.

Fínt er að sigta smá flórsykur yfir kökuna þegar hún er kólnuð.

Gaman væri ef Íris í Krákumýri gæti gefið holla og góða uppskrift í næsta blað.

Lilja María Gísladóttir
Króki

Námskeið í skyndihjálpi

Námskeið í skyndihjálpi verður haldið í Félagslundi 11. janúar 2020 og hefst kl 9:00 árdegis. Námskeiðið er liður í endurmenntun atvinnubílstjóra.

Nánari upplýsingar hjá Helga í Súluholti í síma 892-9872

Íþróttæfingar eftir áramót

Í janúar verða gerðar breytingar á íþróttæfingum Umf. Þjótanda í Þingborg. Örvar Rafn Hlíðdal tekur aftur við öllum hópum og æfingartímar verða sem hér segir:

- 2.-3. bekkur föstudagar kl 12:30-13:30
- 4.-6. bekkur miðvikudagar kl. 14:30-15:30
- 7.-10. bekkur mánudagar kl. 16:00-17:30

Eins og sjá færast 4.-6. bekkur yfir á miðvikudaga en aðrar tímasetningar eru óbreyttar. Sem fyrr eru fá laus pláss í skólabílum til þess að fá að sitja í upp í Þingborg en vonandi halda foreldrar áfram að vera duglegir við að skiptast á að keyra krakkana á þessar æfingar.

Héraðsmót HSK í öllum flokkum 11 ára og eldri fara fram í Kaplakrika 12. janúar. Kl 10:00 hefst aldursflokkamót 11-14 ára og kl 13:00 hefst keppni á Unglingamóti HSK 15-17 ára og Héraðsmóti HSK sem er ætlað 18 ára og eldri.

Keppnisgreinar eru 100m hlaup, 600/800m hlaup, 60m grindahlaup, langstökk, hástökk og kúluvarp. Umf. Þjótandi ætlar að senda vaskt lið til keppni og þess má geta að félagið á titil að verja á HSK móti fullorðinna þar sem við unnum stigakeppni mótsins á síðasta ári.

Krakkar á grunnskólaaldri sem hafa áhuga á því að skrá sig á mótið geta gert það hjá Örvari Þjálfara en allir 16 ára og eldri skulu skrá sig hjá Guðmundu á gudmunda89@gmail.com

Fréttir frá Krakkaborg

Í Krakkaborg hafa nemendur og starfsfólk átt ánægjulega og annasama haustönn. Nemendur hafa leikið sér frjálst, setið samverustundir, séð um að útbúa sér sjálf pizzur, farið í vettvangsferðir, sinnt ánamöðkunum sem sýna okkur niðurbrotið í náttúrunni, hrært í moltutunnunni, sótt íþróttatíma í Þingborg, hjólað, krítað, klifrað og klippt....svo eitthvað sé nefnt. Hópar hafa þrammað um nágrennið í skógarferðum og rannsóknarleiðöngurum. Mikið vísindastarf er unnið í skólanum og samstarf við aðra skóla bæði héraendis og erlendis gengið vel. Í sameiginlegum ferðum í Skagás hafa elstu nemendur í Krakkaborg og yngri nemendur í Flóaskóla, lært og leikið sér saman.

Á öllum deildum leikskólans hefur verið tekið upp nýtt námsefni, vináttuverkefni sem heitir Blær. Bangsinn Blær kom ríðandi í Krakkaborg eldra megin, tvímennti með kennara sem aðstoðaði Blæ við að fá að búa í leikskólanum ásamt litlu böngsunum. Hver nemandi fær lítinn Blæ bangsa til þess að hugsa um og vinna með í ýmsum vináttuverkefnum. Blær kom fljúgandi í leikfangaflugvél inn í ávaxtastund á yngstu deildinni, við mikinn fögnuð nemenda. Hægt er að lesa um verkefnið á heimasíðu Barnaheilla <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir-og-fraedsla/vinata>

Mikil ánægja er með þetta vináttuverkefni og það breiðist hratt út um skóla landsins. Verkefnið er einnig notað í Danmörku, Færeyjum, Eystlandi og Grænlandi. Rannsóknir í Danmörku sýna mjög góðan árangur af notkun verkefnisins; börn sem vinna með þetta efni sýna hvort öðru meiri samhygd. Alltaf eru sérfræðingar að kynna betur og betur rannsóknir sem sýna hversu mikilvægur leikur er fyrir nám og þroska barna. Í Krakkaborg standa kennarar af fremsta megni vörð um leik og leikgleði nemenda, til þess að frjór hugur þeirra fái sem best notið sín og þeir náð að læra sem mest ásamt því að tileinka sér nýja færni. Í námskrá leikskólans stendur ;

Í leik felst mikill sköpunarkraftur því börnin eru stanslaust að gera tilraunir (í samskiptum og athöfnum), gera eitthvað nýtt, framkvæma af forvitni,

frumleika og þá feta nýjar slóðir. Hugverkið sköpun finnum við alls staðar, hvort sem um er að ræða járnsmið sem leitar lausna við að smíða stiga milli hæða, verkfræðing sem finnur leiðir til að nota þörunga til að auka nyt í kúm eða listamann sem gerir furðulega hluti sem vekja mann af svefni vanans.

Hlutverk kennarans er að veita nemendum ríkulegan efnivið og aðstoð og leyfa þeim síðan að vera þau sjálf svo þau beiti eigin hugsun og reyni á ímyndunaraflið. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og að hugmyndir þeirra fái að njóta sín. Mikilvægt er að nemendur fái að handfjatla og læra á margs konar verkfæri í þeim tilgangi að öðlast smátt og smátt færni og reynslu í beitingu þeirra. Í list- og verkgreinakennslu hér í Krakkaborg er litið á orðið verkfæri sem samheiti yfir svo margt sem viðkemur þessu starfi, í okkar augum eru bæði blýantur og handsög verkfæri ekki síður en skæri, pensill, saumavél og töng.

Nemendur hafa unnið af kappi við að útbúa jólagjafir til að gleðja foreldra sína. Sumir hafa líka kosið að útbúa skraut. Í annríki fyrir hátíðarnar er mikilvægt að muna eftir því að leika sér og njóta líðandi stundar. Þetta á við um fullorðna fólkið sem og börnin...verum dugleg að leika okkur!

Við sendum innilegar þakkir fyrir árið sem er að líða, með ósk um gleðileg jól og gæfu á komandi ári!

Nemendur og starfsfólk Krakkaborgar

Porrablót í Þingborg (Hraungerðis- og Sandvíkurhrepps) verður haldið í Þingborg þann 1. febrúar 2020. Hljómsveitin Meginstreymi mun spila fyrir dansi fram á rauða nótt.

Að þessu sinni verður breytt fyrirkomulag hvað varðar veitingar. Þorrablótsgestir koma sjálfir með mat en boðið verður upp á heitan jafning, kartöflumús og rófustöppu.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Skemmtinefndin

Frá Villingaholtskirkju:

Sr. Ninna Sif lætur af störfum. Kveðjumessa 8. desember kl. 11.00

Þann 1. desember n.k. mun sr. Ninna Sif Svavarsdóttir prestur láta af störfum í Selfossprestakalli, en hún hefur verið ráðin sóknarprestur í Hveragerði frá þeim tíma. Á meðan á auglýsingar og ráðningarferli vegna nýs prests standur, mun sr. Gunnar Jóhannesson þjóna sem prestur Selfossprestakalls. Það verður eftirsjá af Ninnu Sif, en við þökkum henni fyrir allt síðustu ár og óskum henni velfarnaðar og blessunar í nýju starfi.

Til að kveðja sr. Ninnu Sif formlega verður haldin kveðjumessa í Selfoskirkju sunnudaginn 8. desember kl. 11.00 og hvetjum við sveitunga til að mæta.

Aðventukvöld í Villingaholtskirkju fyrir Hraungerðis- og Villingaholtssóknir 8. desember kl. 20.00

Aðventukvöld verður haldið í Villingaholtskirkju sunnudagskvöldið 8. desember kl. 20.00. Ræðumaður verður Valgerður Gestsdóttir, Mjósyndi. Bergljót Arnalds söngkona mun syngja einsöng með kirkjukór Hraungerðis og Villingaholtssókna. Umsjón stundarinnar er í höndum sr. Guðbjargar Arnardóttur sóknarprests. Organisti er Guðmundur Eiríksson.

18. desember tónleikar í Villingaholtskirkju, „Hugguleg jólastund með Kolbrúnu Kötlum og Ljósbrá“

Þann 18. desember munu vinkonurnar Kolbrún Katla Jónsdóttir í Lyngholti og Ljósbrá Loftsdóttir í Tröð verða með tónleika í kirkjunni kl. 20.00.

Hátíðarguðsþjónusta á jóladag 25. desember kl. 11.00

Hátíðarguðsþjónusta verður í Villingaholtskirkju á jóladag 25. desember kl. 11.00. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Guðmundar Eiríkssonar organista. Sungið verður hátíðartónles sr. Bjarna Þorsteinssonar frá Siglufirði. Prestur er sr. Gunnar Jóhannesson.

Frá Hraungerðiskirkju:

Hátíðarguðsþjónusta á annan dag jóla kl. 11.00

Hátíðarguðsþjónusta verður í Hraungerðiskirkju á annan dag jóla, 26. desember kl. 11.00. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Guðmundar Eiríkssonar organista. Sungið verður hátíðartónles sr. Bjarna Þorsteinssonar frá Siglufirði. Prestur er sr Axel Árnason Njarðvík.

Helgistund á Fossheimum á annan dag jóla kl. 13.00

Helgistund verður haldin á Fossheimum, á annan dag jóla þann 26. desember kl. 13.00. Prestur verður sr. Axel Árnason Njarðvík, kirkjukórinn syngur.

Njótum góðra stunda með fjölskyldu og vinum á aðventu og um jólahátíðina í kirkjunum okkar. Óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og heillaríks komandi árs.

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Kæru sveitungar og kvenfélagskonur í Flóahreppi, okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð, megi nýtt ár færa ykkur gæfu og gleði.

Bestu þakkir fyrir notalegar samverustundir, góða samvinnu og ómetanlegan stuðning. Megi hátíð ljóss og friðar færa okkur öllum kærleik og frið.

Minum á jólafundinn 7. desember kl. 11.

Með kveðju stjórnin.



Jólaball í Félagslundi

Kvenfélögin þrjú í Flóahreppi halda sameiginlegt jólaball fyrir börnin í hreppnum og þeirra gesti í Félagslundi 29. des. Húsið opnar kl. 13.30 og ballið hefst kl. 14.00.

Það verður spilað og sungið og sveinar kíkja við og saman gleðjumst við. Gestir eru beðnir að koma með bakkelsi á sameiginlegt hlaðborð. Kaffi, te og djús verður í boði. Aðgangseyrir er 500 kr. fyrir 6 ára og eldri. **Athugið, enginn posi á staðnum.**

Um kvöldið kl. 20.00 verður spiluð félagsvist í Félagslundi eins og undanfarin ár. Jólakveðja til allra sveitunga.

Kvenfélag Hraungerðishrepps
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Kvenfélag Villingaholtshrepps



Dagskrá mánaðarins

Æfingar í Þingborg	2. desember
Glímuæfing yngri	2. desember
Glímuæfing eldri	3. desember
Jólasamvera Kvenfélags Villingaholtshr.	6. desember
Jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	7. desember
Aðventusamvera í Villingaholtskirkju	8. desember
Glímuæfing yngri	9. desember
Æfingar í Þingborg	9. desember
Glímuæfing eldri	10. desember
Glímuæfing yngri	16. desember
Æfingar í Þingborg	16. desember
Glímuæfing eldri	17. desember
Kolbrún Katla og Ljósbrá með tónleika	18. desember
Skötuveisla í Þjósárveri	23. desember
Jólasveinar á ferð	23. desember
Jólasveinar á ferð	24. desember
Hátíðarguðspjónusta í Hraungerðiskirkju	26. desember
Hátíðarguðspjónusta í Villingaholtskirkju	25. desember
Jólaball í Félagslundi	29. desember